

Sveitarfélagið Hornafjörður
Bartek Skrzypkowski
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 14. september 2021
UST202108-193/A.B.
10.05.02

Efni: Byggingarleyfi fyrir sumarbústað - Klifatangi - Sveitarfélagið Hornafjörður

Vísað er til erindis byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 19. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um umsókn um byggingarleyfi fyrir sumarbústaðar á Klifatanga.

Í erindinu kemur fram að sveitarfélaginu hefur borist umsókn um byggingarleyfi til niðurrifs á 30,6 m² sumarbústaðar á Klifatanga og til nýbyggingar á 150,6 m² sumarhúsi á sama stað. Auk þess kemur fram að svæðið er á náttúruminjaskrá og nefnist það Steindalur og Staðarfjall. Svæðinu er lýst sem stórbrotnu landslagi með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, þ.e. Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.

Að mati Umhverfisstofnunar hefur framkvæmdin óveruleg áhrif á svæðið á náttúruminjaskrá, en mikilvægt sé að hugað sé að litavali á byggingum til þess að þær falli vel að umhverfinu.

Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt sé að fjallað sé um fráveitumál á svæðinu og það komi fram að öll fráveita skuli vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur